

hefur verið virt sérstaklega til fasteignamats og fullnægir að því leyti ákvæðum laga um álagningu fasteignaskatts.

Með skírskotun til rökstuðnings undir liðum 1—3 hér að framan lítur dómurinn því svo á, að fasteignaskattur álagður á flugstöðvarbygginguna fyrir árið 1974 sé réttilega á hana lagður, og skal því umbeðin uppboðsgerð ná fram að ganga.

Með tilliti til hinna sérstöku aðstæðna, sem hér ríkja vegna samningsbundinnar dvalar erlends herliðs og þar af leiðandi staðbundinna samskipta Íslands og Bandaríkjanna, sem ekki eiga sér hliðstæðu hér á landi, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Krafa Njarðvíkurhrepps um, að flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli verði seld á nauðungaruppboði, skal ná fram að ganga.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 16. mars 1977.

Nr. 217/1976. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Sigurgeir Einari Karlssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla yfirlæknis skurðlækningadeildar Borgarspítalans 15. mars 1977 um sjúkravist ákærða þar 14. maí til 2. júní 1975.

Ákæruefni og sakargögnum er lýst í héraðsdómi. Svo sem greinir þar, er ákærði einn til frásagnar um aðdraganda og atvik að viðureign þeirra Rafns Svavarssonar, er leiddi til

dauða hans. Verður samkvæmt því að rekja upphafið að átökum þeirra til þess, að Rafn hrifsaði til sín bankabók ákærða, en í henni var talsverð innstæða, og stakk henni á sig. Kveður ákærði, að Rafn hafi sagt, að ákærði „fengi hana ekki aftur“. Ákærða tókst að ná bókinni af Rafni, en Rafn hafi þá „orðið óður af bræði og slegið sig í vinstri síðu“, svo að hann hafi vart náð andanum. Leggja verður til grundvallar, að til verulegra átaka hafi komið milli þeirra. Þá verður við það að miða, að ákærði „hafi verið gripinn ofsahræðslu í viðureign sinni við Rafn Svavarsson og að verknaðurinn hafi verið framinn undir snöggum kvíða og ótta við sjálfsmeiðingu auk reiði“, sbr. svör réttarmáladeildar Læknaráðs í álitssgerð, staðfestri 20. maí 1976, við spurningum héraðsdómara.

Samkvæmt játningu ákærða, sem fær stoð í öðrum sakargögnum, er ótvírætt, að ákærði svipti Rafn Svavarsson lífi með hnífstungum, en talið er í krufningarskýrslu 15. maí 1975, að honum hafi blætt út frá áverkum, sem hann hlaut af völdum eggvopns. Sakargögn veita eigi stoð þeirri tilgátu í héraðsdómi, að ákærði hafi veitt Rafni sár, eftir að hjartslætti lauk. Ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að brot ákærða varði við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar virt eru atvik að broti ákærða og aðstæður allar, verður eigi talið, að hann hafi framið brot sitt í neyðarvörn, sbr. 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga, og hvorki þykja ákvæði 2. málsg. 12. gr. né 1. töluliðs 1. málsg. 74. gr. sömu laga eiga við um það.

Samkvæmt gögnum máls er ákærði sakhæfur.

Telja verður, að hinn látni hafi átt upptökin að viðureign þeirra ákærða með atferli því, er að framan greinir, en sakargögn benda til þess, að hann hafi þá verið alldrukinn. Þykja ákvæði 4. töluliðs 1. málsg. 74. gr. almennra hegningarlaga eiga við um háttsemi ákærða. Ber að líta til þessa við ákvörðun refsingar svo og til þess, að ákærði var mjög ungur, aðeins 18 ára, þegar hann framdi brot sitt, er hann gekkst hreinskilnislega við, sbr. 4. tölulið 1. málsg. 70. gr. og 9. tölulið 1. málsg. 74. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar

beitti hann hættulegu vopni við framkvæmd brotsins. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 5 ár og 6 mánuðir. Gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem staðið hefur óslitið síðan 14. maí 1975, komi með fullri dagatölu refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Rannsókn máls þessa hefur verið í höndum fimm dómara. Hefur hún eigi verið jafn rækileg sem skyldi. Við frumrannsókn málsins hefði þurft að prófa ákærða frekar en orðið er um aðdraganda að átökum þeirra Rafns Svavarssonar og um átök þeirra og beitingu ákærða á eggvopni gegn hinum látna. Gaf krufningarskýrsla, er lýsir einstökum sárum á líkinu, og efni til að spyrja ákærða nánar um hnífstungur. Enn fremur var ástæða til að samprófa ákærða og vitni. Ákærði gaf skýrslu fyrir sakadómi 14. maí 1975. Eigi var hann prófaður að nýju fyrir dómi fyrr en 14. júlí s. á., en nauðsyn bar til að hraða dómpröfun yfir ákærða. Eigi voru ákærða kynnt ákvæði 2. málsg. 77. gr. laga nr. 74/1974, eftir því sem bókað er í þingbók, er hann kom fyrir dóm 14. júlí 1975 og 11. júní 1976, en hann gaf skýrslur í báðum þessum þinghöldum. Bróðir ákærða, Birgir Karlsson, gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu 14. maí 1975 og fyrir sakadómi Reykjavíkur 17. desember 1975, en í hvorugt skipti var honum bent á heimild sína til að skorast undan vættisburði, sbr. 5. tölulið 89. gr. laga nr. 74/1974, sem einnig ber að beita við skýrslur fyrir rannsóknarlögreglu, sbr. 39. gr. sömu laga.

Það athugast, að eigi er aðfararákvæði í héraðsdómi.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurgeir Einar Karlsson, sæti fangelsi 5 ár og 6 mánuði.

Gæsluvarðhaldsvist hans frá 14. maí 1975 komi refsingu til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 29. júní 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 11. júní 1976 að loknum munnlegum málflutningi, er af ákærvaldsins hálfu með ákæruskjali, útgefnu af ríkissaksóknara þann 29. janúar 1976, höfðað gegn Sigurgeir Einari Karlssyni verkamanni, Ennisbraut 29, Ólafsvík, nú gæslufanga á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, fæddum 11. nóvember 1956 á Ísafirði, fyrir manndráp með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 14. maí 1975 svipt Rafn Svavarsson, Bragagötu 38, Reykjavík, lífi með hnífsstungum í vistherbergi sínu í verbúð Hróa h/f í Ólafsvík.

Samkvæmt ákæruskjali „þykir ákærði með fyrrgreindu hafa gerst brotlegur samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.

Kröfur ákærvaldsins eru þær, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu og málskostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt kærnum og refsingum sem hér greinir:

1973 11/10 í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu: Sátt, 4.000 króna sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga (sic). Sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi í 3 mánuði frá 11. október 1973.

1974 í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 25. febrúar 1974.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt miðvikudagsins 14. maí 1975, kl. 0210, tilkynntu tveir unglingspiltar lögreglunni í Ólafsvík, að þeir hefðu þá skömmu áður verið staddir við fjárhús upp með Fossá, sem er

skammt fyrir innan Ólafsvík, og hefði þá ákærði komið til þeirra ríðandi, með tvo til reiðar, og sagt þeim, að hann hefði dregið mann í verbúð Hróa h/f. Í skýrslu Hilmars Júlíussonar lögregluþjóns um málið segir síðan:

„Undirritaður fór þegar ásamt Adolf Steinssyni, lögregluþjóni, niður að verbúð Hróa h/f. Er við komum inn í verbúðina, sáum við, að blóðug fótspor lágu frá dyrum herbergis þess, sem Sigurgeir býr í í Hróa, en hann hefur haft herbergi þar á leigu í vetur. Herbergið reyndist vera læst, og ekkert ljós var þar inni. Við höfðum tal af þremur mönnum, sem sváfu í öðrum herbergjum þarna í verbúðinni, og kváðust þeir ekki hafa orðið varir við neinn hávaða um kvöldið eða nóttina fram að þeim tíma, er við komum í verbúðina.

Þar sem herbergið var læst og enginn opnaði, er við knúðum dyra, fórum við út, og tókst okkur að opna glugga á herberginu og komast inn. Við fundum mann inni í herberginu, og lá hann á gólfinu rétt innan við dyrnar. Maðurinn virtist vera látinn. Mikill blóðpollur var undir manningnum og inni í skáp, sem var opinn og stendur hægra megin við dyrnar, er komið er inn í herbergið. Við sáum, að áverkar voru á manningnum á hálsi. Maðurinn lá að nokkru leyti krepptur með fætur að dyrum herbergisins, og virtist hann hafa verið dreginn til, því gólfteppið var dregið til undir manningnum. Hann var klæddur í blá jakkaföt með ljósum teinum, með rautt hálsbindi, í svörtum, reimuðum skóm og grænum sokkum. Hann var berhöfðaður. Við bárum kennsl á manningnum, og þekktum við, að þetta var Rafn Svavarsson, til heimilis að Bragagötu 38, Reykjavík, fæddur 31. júlí 1938 í Reykjavík.

Tvö rúm úr járninu voru í herberginu sitt hvorum megin við gluggann, og var annað þeirra tómmt, en á rúminu, sem var vinstramegin við gluggann, var dýna, og á henni voru fataleppar og fleira dót. Á gólfinu voru blóðug fót, einnig var veski á gólfinu, og var það merkt Sigurgeiri Einari Karlssyni.

Borð var í herberginu undir glugganum, milli rúmana. Á því var ýmist dót, þar á meðal bankabók merkt Sigurgeiri. Á fremsta blað hennar var skrifað með blóði stafirnir B. K. Við skápinn rétt við fætur mannsins fundum við mjóa melspíru. Gluggatjöldin voru dregin fyrir gluggann. Blóðblettir voru á skáphurðunum“.

Þá var haft samband við héraðslækninn í Ólafsvík, fleiri lögregluþjónar kallaðir til, ljósmyndari fenginn til þess að taka

myndir af vettvangi, haft samband við sýslumann og rannsóknar-lögregluna í Reykjavík.

Síðan segir í lögregluskýrslunni:

„Þá gerðum við einnig ráðstafanir til að hafa upp á Sigurgeiri, og leituðum við upp með Fossá, en fundum hann ekki þar. En þar fundum við þrjá skó, bundna saman á reimunum, og voru þeir alblóðugir.

Um kl. 05.00 kom svo Sigurgeir ríðandi niður í Ólafsvík, og handtókum við hann þá, og færðum við hann í klefa nr. 3 í fangageymslu lögreglunnar í Ólafsvík.

Sigurgeir var mjög miður sín, er hann var handtekinn, og fengum við Vilhjálm lækni til að líta á hann, einnig tók hann blóðprufu úr honum.

Meðferðis hafði Sigurgeir poka og hulstur utan um hníf . . .“.

Rannsóknarmennirnir Njörður Snæhólm og Ragnar Vignir komu á staðinn kl. 0615 til aðstoðar við rannsókn málsins. Í skýrslu Njarðar um rannsóknina segir m. a.:

„Lýsing á brotstað.

Herbergið, sem atburður þessi átti sér stað í, er á annarri hæð í verbúðarhúsi Hróa h/f. Gengið upp stiga og síðan inn til vinstri. Herbergið er á vinstri hönd, með glugga í suður, og það hafði Sigurgeir Einar. Nafn hans á hurðinni. Blóðspor eru í stiganum og inn ganginn að herberginu. Aðeins innar og hægra megin við ganginn er herbergi Rafns.

Herbergi Sigurgeirs var læst, er við komum, og lögreglan gætti þess. Fara þurfti inn um opinn gluggann til að opna það.

Hurðin opnast inn til vinstri. Pappakassi, fullur af tómum gosflöskum, er á gólfinu bak við hurðina. Járnrúm er við vinstri vegg og dýna í því. Blóðblettir eru framantil á dýnunni um miðju, eins og sest hafi verið á hana í rassblóðugum buxum. Á rúminu er úlpa, tiglótt skyrt, bláar flauelsbuxur og peysubolur. Þetta er hreint. Þá er þar brúnt seðlaveski, merkt Sigurgeiri Einari Karlssyni, Ásbraut 5. Í því kr. 200.00 og ökuskírteini hans.

Borð er undir glugganum. Á því tómir sigarettupakkar, ösku-bakki hálffullur af sigarettustubbum, 3 tómar gosflöskur á hlið-inni, lítið útvarpstæki, vekjaraklukkan á grúfu og í lagi, 3 bækur, matskeið og rusl. Viðskiptabók nr. 3130, skráð á Sigurgeir Einar Karlsson. Innistæða kr. 125.050.00 að mér sýnist. Kápa bókarinnar er brotin aftur og skrifað á fyrstu síðu með blóði, að því er virðist með fingri, stafirnir „BK“.

Við hægri vegg er járn Rúm, en engin dýna í því, á því er bak af stól og dagblað. Við enda þess í horninu næst dyrunum er fataskápur með tveimur hurðum, sem eru með blóðkámi. Hurðin næst dyravegg er opin. Jakki er á gólfinu í skápnum svo og talsvert mikið blóð.

Á gólfi herbergisins er grænt teppi. Undir vinstra rúmi er lítill ferðataska. Framan við það eru tvær hreinar milliskyrta, ein hrein peysa, ljósbláar buxur með blóðkámi. Þær hafa verið hreinar. Handklæði með blóðblettum, eitt par svartir skór, hreinir, tóm gosflaska, hrein. Gráar buxur, alveg gegnsósa af blóði. Blautur blettur undir þeim og blóðkám.

Framan við hitt rúmið er eitt par svört gúmmístígvél.

Á gólfinu, í horninu við opna skápinn, er melspíra og rétt hjá einar sumarnærbuxur, gegnsósa af blóði.

Á gólfinu framan við skápinn liggur Rafn á vinstri hlið með höfuðið í átt að glugga og fætur í átt að dyravegg, skápmegin. Fætur aðeins klepptir um hné og hægri fótur yfir þann vinstri. Vinstri hönd beint fram og hægri aðeins bogin yfir. Hann er kaldur og stirður. Alklæddur, í dökkblá jakkaföt með ljósbláa teina, sokka og reimaða svarta skó, skyrtu og með bindi. Liggur í stórum blóðpolli, um fermetra að stærð. Gólfteppið er dregið til frá horninu. Buxurnar eru blóðugar á rassi. Vinstri skálm og vinstri jakkaermi blóðugt.

Rafni snúið á bakið. Skyrtan fráhneppt og innri skyrtu uppi við brjóst. Í ljós kemur skurður á vinstri buxunaskálm innanverðri uppundir nára. Það er stungusár í lærið, og virðist hafa blætt mikið úr því. Þá er stór skurður á hálsi vinstra megin við barka og lítur út eins og ekki hafi blætt úr honum, því skinnið er hreint í kring. Stungusár mjög djúpt að sjá hægramegin við barka og lítur út fyrir að hafa blætt mikið úr því. Stungusár rétt neðan við hægra eyra.

Handarbök eru blóðug, en lófar hreinir og engin sár í þeim eða á fingrum innanverðum.

Það lítur út fyrir, að Rafn hafi verið stunginn í hálsinn, liggjandi með höfuðið inn í skápinn, því blóðið, sem þar er, hefur ekki runnið af gólfinu inn í hann. Rafn hefur síðan verið dreginn inn á gólfið, svo hægt væri að opna herbergishurðina, því fyrir henni hefur hann legið með neðri hluta líkamans.

Úr vösum Rafns tók ég skírteini hans og minnisbók. Engir peningar voru þar.

Læknir staðarins var fenginn til að taka blóðsýni úr Sigurgeiri

Einari til alkóhólákvörðunar. Hann merkti sýnið, sem ég tók með mér, og kom því í Rannsóknastofu Háskólans. Prufan tekin um kl. 06.10.

Eftir að Ragnar hafði tekið myndir, tókum við með okkur nokkrar tómar flöskur, þar á meðal áfengisflösku með slatta í, en hún var í herbergi Rafns, einnig blóðföt og blóðuga strigaskó, sem lögreglan hafði lagt hald á og voru taldir eign Sigurgeirs.

Lögregla Ólafsvíkur ók svo með okkur til Reykjavíkur, og með var tekið lík Rafns Svavarssonar og farið með það í Rannsóknastofu Háskólans v. Barónsstíg ásamt krufningarúrskurði frá sýslumanninum í Stykkishólmi.

Í líkhúsi rannsóknastofunnar athuguðum við sár Rafns nánar og mynduðum þau. Sár á læri 5.3 cm. Sár v. megin á hálsi 6.2 cm. Hægramegin 2.6 cm í þvermál. Undir hægri eyra 2.8 cm. . .

Ég held, að það verði að teljast ákaflega ólíklegt, að átök eða áflog hafi átt sér stað á milli Rafns og Sigurgeirs í herberginu, því það hefði vart getað skeð, án þess að mennirnir hefðu lent á borðinu og það, sem á því var, kastast út á gólf, enda lítur út fyrir, að Rafn hafi verið stunginn niður, þar sem hann lá“.

Vilhjálmur Rafnsson, heilsugæslulæknir í Ólafsvík, framkvæmdi skoðun á líki Rafns Svavarssonar strax um nóttina, og segir svo í vottorði hans:

„Laust fyrir kl. 3.00 þann 14. 5. '75 kvaddi Adolf Steinsson lögregluþjónn mig undirritaðan til að skoða mann, sem hann taldi látinn.

Kl. 3.00 komum við í íbúðarherbergi í fiskverkun Hróa h/f, Ólafsvík, ásamt Júlíusi og Birni Jónssyni lögregluþjónum. Þetta reyndist fremsta herbergið í verbúðinni, vistarvera Einars Karlssonar, f. 11. 11. '56. Þar á gólfi herbergisins lá maður, er lögreglumenn kváðu þekkja sem Rafn Svavarsson, f. 31. 7. '38, Bragagötu 38, Reykjavík. Maðurinn var látinn, líkaminn var ekki kaldur átöku, ekki bar á líkstirðun. Um það bil 1 klst síðar fór að bera á stirðun líkamans.

Þegar gengið hafði verið úr skugga um, að maðurinn væri látinn, var líkið lítið sem ekki hreyft meir sakir vettvangsrannsóknar lögreglunnar.

Almenn líkskoðun fór því ekki fram af minni hálfu, því lögregluþjónar tóku síðan líkið til flutnings án þess ég væri viðstaddur skoðun eða umbúnaði líksins“.

Réttarkrufning var framkvæmd á líki Rafns Svavarssonar þann

15. maí 1975. Krufningin var framkvæmd í Rannsóknastofu Háskólans af Ólafi Bjarnasyni meinafræðingi.

Krufningarskýrslan hljóðar svo:

„Samkvæmt beiðni sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu í bréfi, dags. 14. maí 1975, er í dag framkvæmd réttarkrufning á líki Rafns Svavarssonar, sem lézt með voveiflegum hætti aðfaranótt miðvikudags 14. maí 1975.

Í bréfi sýslumanns segir svo: „Óskað er réttarkrufningar á líki Rafns Svavarssonar, Bragagötu 38, Reykjavík, f. 31. júlí 1938, en Rafn fannst látinn í verbúð Hróa h/f, Ólafsvík, kl. 02.30 aðfaranótt miðvikudags 14. maí 1975.

Þegar líkið fannst, var það með nokkra áverka, sennilega eftir hnífstungur. Áfengismagn í hinum látna óskast kannað“.

Piltur, búsettur í Ólafsvík, var yfirheyrður í máli þessu og játaði að vera valdur að áverkum þeim, sem væntanlega hafa orðið manninum að bana.

Líkið kemur í Rannsóknastofuna alklætt í dökkum jakkafötum. Handleggir eru báðir krepptir í olnbogaliðum (sjá meðfylgjandi mynd).

Innan undir jakkafötunum er maðurinn klæddur í milliskyrta, gula nærskyrta, stuttar nærbuxur og með sokka og skó á fótum. Fötin eru öll meira og minna ötuð storknuðu blóði, bæði utanyfirföt og nærföt og milliskyrta, og í jakkanum framanverðum eru storknar blóðlifrar.

Krufningin:

Líkið er af 173 cm háum karlmanni, sterklega byggðum í meðal holdum. Líkið er alstirt og einstöku mjög litlir líkblettir, förlauð-bláleitir dreifðir um aftanverðan líkamann. Á líkinu eru miklir áverkar, einkum á hálsi. Efst v. megin framan vert á hálsi alveg uppi í kverkinni er 5.5 cm lengur, gapandi skurður, sem nær inn að miðlinu og liggur síðan þvert á miðlinu aftur á við. Frá miðlinuenda þessa skurðar liggur rispa uppi undir kverkinni yfir til hægri 13.5 cm á lengd og nær upp undir hægri eyra. Þessi langa rispa nær hvergi inn úr húðinni, en er greinilega framhald af hinum gapandi skurði, sem áður er lýst. 3 mm neðar við gapandi skurðinn v. megin á hálsinum upphefst rispa, sem nær næstum eins langt út á hálsinn til vinstri og liggur síðan að heita má samhliða skurðinum yfir til hægri, yfir miðlinu og krossar grunnu rispuna, sem áður er lýst, nokkru hægra megin við miðlinu og liggur áfram ofan við hana og mælist 16 cm á lengd. Í framhaldi

af þessari rispu, sem hvergi nær inn úr húðinni, er 1 cm utar gapandi skurður eða stunga, sem mælist 2.5 cm á lengd. Þessi síðastnefndi gapandi skurður er 1 cm neðan við hægra eyra. Enn er gapandi skurður framan á hálsinum hægra megin og upphefst 3 cm frá miðlínu. Skurður þessi liggur samhliða grunnu rispunum, sem áður er lýst, og 1 cm neðan við þær, en mælist sjálfur skurðurinn 3.5 cm á lengd. Þessi síðastnefndi skurður gapir mest 1.5 cm og er djúpur, og skín í vöðva í gegnum skurðinn. Á v. læri efst framanvert, um 6 cm utan við nárann, er 5 cm langur gapandi skurður, og skín í fitu og vöðva í botni skurðarins. Framan á hægri öxl utanvert er 2 cm langur skurður eða stunga, sem nær inn í gegnum húðina. Allir ofangreindir skurðir eru með skörpum börmum og sýnilega eftir eggjárn. Mikið storkið blóð er á húðinni á neðanverðu andliti og hálsi, á báðum höndum og á neðanverðum kvið og ofanverðu v. læri. Ekki sjást nein skurðsár á höndum líksins, hvorki á fingrum eða í greipum.

Önnur áverkamerki en þau, sem að ofan er lýst, sjást ekki við ytri skoðun á líkinu.

Brjóst- og kviðarhol opnað: Enginn vökvi finnst, hvorki í kviðarholi né í brjóstholi. Peritoneum og pleurae slétt og gljáandi og lungu samvaxtalaus. Lega innri líffæra er að sjá innan eðlil. marka.

Við nánari athugun á áverkum á hálsi sést, að skurðsár vinstra megin við miðlínu er grynnt og nær inn úr húðinni og inn að barkakýlisbrjóska v. megin að framan. Stungusár rétt neðan við eyra efst og utan til á hálsinum er djúpt og nær alveg inn í bein, þ. e. a. s. hálshryggjarliði. Stungu- og skurðsár neðan á hálsi h. megin er einnig djúpt og nær aftur með barkakýlinu og aftur undir hrygg. Skurður þessi gengur allt að 1.5 cm inn í cartilago thyroidea neðanvert. Við athugun á slagæðastofnum á hálsi hægra megin sést, að áverkarnir hafa ekki snert art. carotis communis interna, externa eða stærri greinar frá art. carotis externa. Hins vegar hefur stungusárið efst og aftast á hálsinum rétt neðan við hægra eyra gengið inn í gegnum vena jugularis og skorið æðina yfir að mestu. Stungan ofanvert á lærinu sést ganga inn undir lærlegg, en ekki sést, að skorist hafi yfir stærri æðastofna.

Hjarta- og æðakerfi: Í gollurshúsinu eru um 10 ml af tærum, ljósleitum vökva. Pericardium er slétt og gljáandi. Hjartað vegur 470 gr. Það er í stærra lagi, bæði vinstra og hægra afturhólf. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á endacardium eða lokum. Í kransæðum sjást dreifðar atherosclerotiskar breytingar, og eru á blett-

um bæði í hægri og vinstri kransæð þrengsli af III. og IV. gr. Hægri kransæð er mjög fyrirferðarmikil, en ramus circumflexus mjög rýr. Ekki sjást í hjartavöðvanum merki um fersk drep eða örvefsherzli. Vöðvinn er rauðbrúnleitur á gegnskurði, homogen. Ostia mælast sem hér segir: Mitralis 10.5 cm, aorta pulmonalis 6.5 cm, aorta 7.2 og tricuspidalis 11 cm. Hægri ventriculus er 0.8 cm á þykkt og v. ventriculus 1.2 cm á þykkt. Foramen ovale er lokað.

Í aorta sjást aðeins lítilfjörlegar atherosclerotiskar breytingar neðan til í aorta abdominalis og einstöku smá deplar og fingerðar rákir í aorta thoracalis. Aorta mæl. uppklipt sem hér segir: Arcus 5.5 cm og descendens 3.5 cm. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á vena cava.

Öndunarfæri: Hægra lunga vegur 470 gr, v. lunga 425 gr. Lungun eru svipuð að sjá. Þau eru slétt og gljáandi á yfirborði og áberandi fól og blóðlítill að sjá. Greinilegt diffust emphysema virðist vera í báðum lungum. Á gegnskurði er ekkert sérstakt athugavert að sjá á lungunum að öðru leyti. Consolidationir finnast ekki í lungnavef. Ekkert sérstakt á berkjunum að sjá. Ekkert sérstakt athugavert að sjá við art. pulmonalis, nema hvað vottar fyrir litlum atheromdeplum og fingerðum rákum í aðalstofni art. pulmonalis og báðum höfuðgreinum.

Ekkert sérstakt athugavert að sjá á barkanum né barkakýlinu, en lesion á cartilago thyreoidea hefur áður verið lýst.

Meltingarfæri: Ekkert sérstakt athugavert að sjá á slímhúð tungu, koks eða vélindis. Maginn er að heita má tómur, aðeins í honum 40—50 ml af tiltölulega þunnum, brúnleitu, gruggugum vökva. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á magaslímhúð. Ekki sjást sár eða æxli í maganum.

Ekkert sérstakt athugavert að sjá á skeifugörn né mjógirni yfirleitt. Ekkert sérstakt á digurgirni að sjá.

Lifrin vegur 1760 gr. Hún er slétt á yfirborði, ljósmóbrúnleitt og áberandi fól. Á gegnskurði er ekkert sérstakt athugavert á lifrarteikningu að sjá, en vefurinn er áberandi föllur, aðeins með gulleitum blæ. Í gallblöðru eru um 15 ml af brúnleitu, fremur þunnu galli. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á gallblöðruslímhúð eða gallblöðrunni yfirleitt. Ekkert sérstakt á stærri gallvegum að sjá. Gall rennur greiðlega í skeifugörn, þegar þrist er á blöðruna.

Briskirtill er rauðgráleitur á gegnskurði og ekkert sérstakt athugavert við hann.

Þvag- og kynfæri: Hægra nýra vegur 155 gr. og v. nýra 165 gr. Nýrun eru svipuð að sjá. Hýði flettast auðveldlega frá yfirborði, sem er slétt. Nýrun eru áberandi fól á gegnskurði, en a. ö. l. ekkert sérstakt athugavert á þeim að sjá. Takmörk milli cortex og pyramida eru greinileg og cortex ekki að sjá rýrnaður. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á slímhúð pelves renes eða ureteres. Í þvagblöðrunni eru 40 ml af tæru, ljósleitu þvagi. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á þvagblöðruslímhúð. Blöðruhálskirtill er ekki að sjá stækkaður. Ekkert sérstakt athugavert við vesiculae seminales. Ekkert sérstakt athugavert að sjá við ytri kynfæri.

Lymphu- og blöðvefjakerfi: Miltið vegur 90 gr. Það er slétt á yfirborði, grábláleitt. Á gegnskurði rauðbrúnleitt, en pulpa skefst lítið sem ekki af skurðfleti.

Eitlastækkanir eru ekki merkjanlegar.

Innkirtlakerfi: Skjaldkirtill vegur 21 gr. Efri póll á hægri lappa hefur aðeins særst, og sjást blæðingar í vefi þar í kring. Kirtillinn er á gegnskurði ljósbrúnleitur homogener og hnútalaus.

Hægri nýrnahetta vegur 7 gr. og v. nýrnahetta 8 gr. Ekkert sérstakt athugavert á nýrnahettunum að sjá á gegnskurði.

Miðtaugakerfi: Ekkert sérstakt athugavert að sjá á galea eða kúpubeinum. Ekkert sérstakt á heilabastinu að sjá. Heilinn vegur 1460 gr. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á mjúku heilahimnunum. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á heilanum á gegnskurði.

Augu voru brostin. Sjáöldur voru meðalvíð, jafnvíð. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á augnhvítum.

Ekkert sérstakt á nösnum eða ytri eyrum að sjá. Gervitennur eru í báðum gómum, en a. ö. l. ekkert sérstakt á munninum að sjá.

Kviðeggssfita mæl. 2.5 cm á þykkt. Þind stóð h. megin í VI. millirifjabili og einnig v. megin.

Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati (Rannsóknastofa Háskólans í lyfjafræði), sem fylgir hér með í ljósríti, var magn lakóhóls í blóði 2.20% og í þvagi 2.85%.

Smásjárskoðun: Með fitulitun sést veruleg fituiferð í lifrinni.

H.d.: Steatosis hepatitis m.gr.

Ályktun:

Við krufninguna fundust miklir áverkar á líkinu, sem vafalaust eru eftir eggjárn og veittir af árársaðila. Alvarlegustu áverkarnir eru tvö djúp stungusár hægra megin á hálsi og hefur

mest blóðtap orðið frá þeim. Einnig mun verulega hafa blætt úr stungusári efst á vinstra læri. Innri líffæri voru yfirleitt fól og blóðlítill, og virðist ljóst, að manningnum hafi blætt út frá ofangreindum áverkum.

Maðurinn hefur verið ölvaður, er hann lézt“.

Upplýst er, að Rafn Svavarsson kom til Ólafsvíkur í byrjun maí 1975. Lögreglan í Ólafsvík hafði aðeins einu sinni afskipti af honum eftir komu hans þangað, en það var hinn 8. maí, er hann ásamt tveim öðrum mönnum fór í óleyfi á bát út úr höfninni í Ólafsvík, en þeir sneru við rétt utan við hafnarmynnið og komu til baka. Sakavottorð hans hljóðar svo:

„Rafn Svavarsson, fæddur 31. júlí 1938 í Reykjavík, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

- 1954 21/12 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 150 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1955 24/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1956 11/6 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun og óspektir.
- 1957 18/1 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. og 157. gr. hegningarlaga, sviptur ökuleyfi í 3 ár fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.
- 1957 11/7 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1958 26/4 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
- 1958 1/8 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1958 8/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1958 17/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1958 12/12 í Reykjavík: Dómur: 2 ára fangelsi, sviptur kosningarétti, kjörgengi og rétti til ökuleyfis ævilangt, fyrir brot á hegningarlögum, áfengislögum og umferðarlögum.
- 1959 15/6 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

- 1960 16/3 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 110. gr. hegningarlaga.
- 1960 20/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir árás og ölvun.
- 1960 15/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1960 27/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 26/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1961 8/12 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
- 1961 29/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1963 26/6 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
- 1964 30/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 217. og 245. gr. hegningarlaga.
- 1965 4/10 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1966 21/12 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1966 7/3 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1967 1/2 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli, sem dæmt var 7. 3. 1966 í sakadómi Reykjavíkur. Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
- 1969 7/2 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1969 24/6 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. laga nr. 73/1952.
- 1969 18/11 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 30 daga fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.
- 1970 25/3 í Reykjavík: Dómur: 4 ára fangelsi fyrir brot á 194. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, kr. 100.000. Staðfest í Hæstarétti þann 18. júní 1970.
- 1974 25/2 í Reykjavík: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán.“.

Framburður ákærða.

Við yfirheyrslu í sakadómi 14. maí 1975 skýrði ákærði svo frá, að um kl. 2300 kvöldið áður hefði hann farið niður í verbúð Hróa h/f, þar sem hann bjó, ásamt Hilmarí Vignissyni. Þar hitti hann Rafn Svavarsson, sem einnig hafði þar herbergi. Ákærði bauð Hilmarí og Rafni inn til sín. Hilmar fór skömmu seinna, en Rafn og ákærði settust að drykkju, en Rafn átti eina flösku af íslensku brennivíni. Síðan var ætlunin að ná í meira vín, og lét ákærði

Rafn hafa kr. 3.500 til þess. Rafn skipti um föt, og þeir fóru fram á gang, en þá læsti Rafn hurðinni hjá sér og læsti lykilinn inni. Ákærði fór upp á þak og inn um gluggann á herbergi Rafns og ætlaði að opna það, en Rafn sprengdi um leið upp hurðina að herberginu og sagðist ekki hafa nennt að biða eftir því, að ákærði opnaði. Eftir þetta fóru þeir inn í herbergi ákærða, en það er á sama gangi og herbergi Rafns, skáhallt á móti því. Þeir voru tveir einir og klukkan um 2340. Ákærði sýndi Rafni bankabók á Sparisjóð Ólafsvíkur með innstæðu að fjárhæð kr. 125.000. Rafn stakk bókinni á sig og hafði orð á því, að ákærði fengi hana ekki aftur. Ákærða tókst að ná bókinni aftur af Rafni, en hún var í innri jakkavasa Rafns. Rafn sló þá ákærða í vinstri síðu og hrinti honum að rúmi hans við vegginn. Ákærði náði þá í hníf, sem hann geymdi undir dýnu í rúminu. Hnífurinn var í hulstri, og tók ákærði hann úr hulstrinu og hélt á honum í hægri hendi. Rafn var álútur yfir ákærða, sem stakk hnífnum í Rafn, einhvers staðar neðarlega. Hnífurinn gekk eitthvað inn, en hversu langt, vissi ákærði ekki. Rafn sagði þá „þú ert þá svona“ og kippti ákærða upp af gólfinu og hélt um hægri úlnlið hans. Ákærði sá, að það blæddi úr Rafni og sagði honum það, en Rafn valt þá niður á gólf við skáp, sem er við dyrnar, og varð ákærði undir honum, nánast hálfur inni í skápnum. Ákærði missti hnífinn inn í skápinn í fallinu. Þegar ákærði lyfti Rafni af sér, var hann orðinn máttlaus. Ákærði flýtti sér að skipta um buxur, því að þær, sem hann hafði verið í, voru orðnar alblóðugar. Hann greip hnífinn og flúði af vettvangi og ætlaði heim til sín, en hætti við það og fór upp fyrir bæ. Hann tók með sér svefnpoka og „anorak“ og ætlaði að sofa heima hjá sér um nóttina, en hætti við það. Ákærði var ekki mikið drukkin og vissi, hvað hann gerði, en ofsahræðsla greip hann, og þorði hann ekki að fara til lögreglu eða lækni. Hann fór upp í fjárhús fyrir ofan bæinn, sótti þangað tvo hesta og reið þeim um nóttina, uns hann kom til baka. Melspíra var í hliðarpoka með hnífnum. Ákærði hélt á hulstrinu með melspírinni í vinstri hendi allan tímann. Hann notaði ekki melspíruna á Rafn, en henti hulstrinu á gólfið, áður en hann fór út úr herberginu. Ákærði var hræddur um, að Rafn gæti beint hnífnum að sér, og þess vegna sveiflaði hann hendinni með hnífnum nokkrum sinnum og gat losað tak Rafns á úlnlið sínum og hafi hann þá sennilega veitt Rafni frekari áverka, sennilega á hálsi eða höfði, meðan þeir lágu á gólfinu við skápinn. Ákærði sá ekki lífsmark með Rafni, þegar hann yfirgaf herbergið, og

taldi þá, að Rafn væri dæinn. Hann ætlaði heim til móður sinnar og segja henni frá atburðinum, en varð hræddur, áður en af því varð, og stefndi til fjalls án þess að láta nokkurn vita. Hann batt hultstrið utan af hnífnum við sig með bandi, áður en hann fór út úr herberginu, en melspíran sennilega runnið út úr pokanum og orðið eftir í herberginu. Ákærði kannaðist lítilliga við Rafn.

Í sakadómi þann 14. júlí 1975 skýrði ákærði svo frá, að þegar atburður þessi átti sér stað, hafi hann verið undir áhrifum áfengis, en ekki ölvaður. Þegar hann náði bankabók sinni aftur af Rafni, varð Rafn óður af bræði og sló ákærða í vinstri síðu, svo að hann náði vart andanum. Við það féll hann niður við hliðina á rúminu með handlegginn uppi á dýnunni. Ákærði varð þá ofsalega hræddur og greip til hnífs, sem var undir rúmdýnunni, enda taldi hann, að Rafn ætlaði að ganga frá sér þarna á staðnum. Hann stakk þá Rafn í lærið með hnífnum. Rafn tók þá harkalegu taki um úlnið ákærða á hægri hendi og varð ægilegur ásýndum. Hann reyndi að beina hnífsoddinum að brjóst ákærða, en hann streittist á móti af öllum kröftum. Ákærða tókst að sveifla hægri hendi til hliðar og beina hnífnum að Rafni. Taldi hann, að við það hefðu orðið áverkar á hálsi Rafns, þó að hann tæki ekki sérstaklega eftir því, enda féllu þeir báðir á hlið inn í skápinn. Það var mikil þolraun fyrir ákærða að losa sig úr þeirri klípu, enda var hann dofinn eftir höggið í síðuna, og hjartslátturinn var ofsalegur vegna hræðslunnar. Hnífinn og melspíruna fann ákærði í bíl stjúp föður síns, Ellerts Emanúelssonar í Ólafsvík. Honum leist vel á hnífinn og ætlaði að fægja hann upp. Hann vildi ekki láta hnífinn liggja á glámbekk og geymdi hann þess vegna undir rúmdýnunni. Hann hugði, að hnífurinn gæti komið sér vel síðar, ef hann færi á sjóinn. Ákærði kvaðst ennþá finna til í vinstri síðu og þrengsli yfir magann og önnur óþægindi, sem hann taldi stafa af höggi því, er hann hlaut í síðuna. Ákærði tók sérstaklega fram, að hann hafi verið mjög lífhræddur frá 13 ára aldri. Rakti hann það til atviks, er hann var eitt sinn að horfa á sjónvarp. Frá þeirri stundu kvaðst hann oft hafa fengið fyrir hjartað og hræðsluköst, sem hann fái ekki við ráðið. Hann sagðist hvorki vera háður áfengi né tóbaki. Áðurnefndan atburð taldi hann óhappaverk, sem hann hafi unnið í neyðarvörn og mikilli hræðslu, án þess að ætlunin væri önnur en að verja hendur sínar og hindra líkamsárás og koma í veg fyrir rán og eignamissi.

Í sakadómi 11. júní 1976 skýrði ákærði svo frá, að á meðan átökin við Rafn áttu sér stað, hafi ákærði reynt að komast út úr

herberginu, en ekki tekist það. Hann kveðst ekki hafa séð smekklásinn, vegna þess að honum sortnaði fyrir augum, en þó tókst honum að opna dyrnar einu sinni, en Rafn ýtti hurðinni aftur að stöfum, svo að hún fór í lás. Þá segir ákærði, að Rafn hljóti að hafa séð hnífinn í hendi sinni, því að hann hélt hnífnum fram og beindi honum að Rafni, sem sjálfur veitti sér fyrsta áverkann með því að ganga á hnífinn.

Framburður vitna.

Páll Snæfell Björnsson, 16 ára að aldri, var ásamt jafnaldra sínum, Sæþóri Gunnarssyni, að huga að hestum seint um kvöldið, sem atburðurinn átti sér stað. Eftir nokkra leit fundu þeir hestana upp með Fossá, fyrir innan og ofan kaптúnið í Ólafsvík. Hestarnir voru bundnir fyrir utan kofa, sem þar er. Hnakkur var á öðrum hestinum og svefnpoki. Strigaskór voru bundnir við hnakkinn. Sæþór gekk að kofadyrunum og opnaði þær með því að rykkja í hurðina, sem var bundin að innan með snæri. Þá heyrðist þrusk fyrir innan, og síðan kom ákærði út. Sæþór spurði hann þá að því, hvers vegna hann hefði stolið hestinum sínum, og svaraði ákærði þá: „Ég hef drepið mann“, og endurtók það nokkrum sinnum. Páll Snæfell og Sæþór vildu ekki trúa þessu í fyrstu, en ákærði sýndi þeim þá tómmt slíðrið utan af hnífnum og sagðist hafa drepið mann niður í Hróa með hnífnum sínum. Hann sýndi þeim hendurnar á sér, en á þeim var ekkert að sjá. Hann sýndi þeim skóna sína, og var blóð á þeim. Einnig sýndi hann þeim strigaskóna, og var annar þeirra alblóðugur og hinn með blóðslettum. Hann sagði, að maðurinn hefði ætlað að stela af sér bankabókinni og hefði hann drepið manninn í sjálfsvörn, og bað hann þá féлага að segja Adolf Steinssyni lögregluþjóni frá því, að þetta hefði verið í sjálfsvörn. Ákærði sagðist ætla að leggjast út og bað um, að sér yrði lánaður hnífur, svo að hann gæti skorið sér kind til matar. Sæþór sagði þá við hann: „Hvað ætlarðu að gera við hestinn minn? Þú tekur hann ekki með“. Ákærði svaraði þá: „Ef ég skila honum ekki, þá máttu eiga bankabókina, sem á stendur BK með blóði“. Sæþór gekk þá að hestunum og fór að lagfæra beislið á sínum hesti. Ákærði hótaði þá að slá Snæfell, ef Sæþór kæmi ekki með hestana, og teymdi Sæþór þá hestana til ákærða, sem steig á bak og reið upp að stíflu. Páll Snæfell og Sæþór fóru síðan niður í Hróa ásamt föður Sæþórs og þaðan til Hilmars Júlíussonar lögregluþjóns. Páll Snæfell sagði, að ákærði

hefði verið í geðshræringu og taugaóstyrkur, þegar þeir hittu hann, en sér hefði ekki sýnst hann vera ölvaður.

Vitnið Gunnar Eyjólfsson, 38 ára að aldri, fór upp í hesthús um kl. 2400 ásamt syni sínum Sæþóri. Húsið var opið og tveir hestar, sem þar áttu að vera inni, farnir. Hestana fundu þeir hjá fjárhúsum uppi við Fossá. Sæþór opnaði einar dyrnar, og kom þá ákærði út úr fjárhúsinu. Sæþór sagði við ákærða, að hann vildi fá hestinn sinn, því að hann hefði ekki leyfi til að taka hann. Ákærði brást þá reiður við og kvaðst snúa Sæþór úr hálslíðnum, ef hann fengi ekki hestinn, því að hann væri að flýja, af því að hann hefði drepið mann í herbergi 3 í Hróa. Ákærði spurði Gunnar að því, hvort hann hefði ekki hníf, því hann ætlaði að drepa kind sér til matar. Vitnið sagði ákærða að koma sér heim og vera ekki að þessari vitleysu, en ákærði kvaðst ekki fara heim, þar sem hann hefði drepið mann, og ætlaði hann að leggjast út uppi við Jökul.

Ákærði sýndi vitninu hendurnar á sér, og voru þær allar út-ataðar í blóði, og einnig sýndi hann vitninu strigaskó, alla í blóði. Ákærði fór svo á hestbak og reið upp rafveituvegin, en vitnið fór niður að Hróa og síðan til Hilmars lögreglumanns og sagði honum eins og var. Vitnið segir, að ákærði hafi sagt sér, að hann hefði framið verknaðinn í sjálfsvörn, þar sem maðurinn hefði ætlað að stela frá sér bankabók með um 150.000 krónum í. Vitninu virtist ákærði ekki vera mikið undir áhrifum áfengis, en hann hafi verið utan við sig og erfitt hafi verið að henda reiður á því, sem hann sagði. Vitnið fann lítils háttar áfengislykt út úr ákærða, en taldi hann frekar æstan og utan við sig en drukkinn. Vitnið trúði ekki sögu ákærða í fyrstu, en þegar hann sýndi vitninu skóna, fór það að trúa því, að eitthvað gæti verið satt í sögu ákærða.

Vitnið Pétur Lúðvíksson, 18 ára að aldri, fór um kvöldið í verbúð Hróa h/f og í herbergi Birgis Karlssonar, sem var þar einn inni. Eftir 5—10 mínútur heyrði hann umgang frammi á ganginum og leit þá fram. Þá sá hann ákærða koma út úr herbergi nr. 9 ásamt Rafni Svavarssyni, Hilmari Vignissyni og pilti af v/s Sigurvini, sem vitnið veit ekki, hvað heitir. Vitnið gat ekki séð, að þeir væru undir áhrifum áfengis, nema þá helst ákærði, því að hann var farinn að röfla. Rafn kom inn í herbergið til þeirra Birgis, átti nokkur orðaskipti við Birgi, en fór strax út aftur. Hann var þá klæddur vinnugalla. Skömmu síðar kom ákærði og bað vitnið um að færa og kaupa fyrir sig gosdrykki.

Skömmu eftir að vitnið kom til baka, kom móðir ákærða og stjúpfaðir hans til þess að kveðja þá ákærða og Birgi, en þau voru að flytjast til Keflavíkur. Ákærði og Rafn fóru þá út, en komu skömmu síðar til baka. Þeir voru báðir talsvert undir áhrifum. Eftir skamma stund fóru hjónin, og skömmu síðar kom ákærði inn í herbergið og bað vitnið um að aka sér, sem það ekki vildi. Ákærði kom nokkrum sinnum og beiddist þess sama, en vitnið neitaði. Birgir vísaði ákærða út úr herberginu, og fór hann þá. Þegar vitnið var að fara, stóð Rafn á ganginum upp við skáp með hendur í vösum og hengdi hausinn, og virtist hann vera sofandi. Hann var þá búinn að skipta um föt, var í svörtum jakkafötum. Vitnið heldur, að klukkan hafi þá verið um 2330. Vitnið þekkir ákærða vel og kveðst vita, hvenær hann sé drukinn og hvenær ekki. Hann hafi örugglega verið nokkuð mikið undir áhrifum áfengis, þegar hann talaði við vitnið, enda hafi hann orðið mjög æstur, þegar Birgir vísaði honum út úr herberginu, og sé hann yfirleitt mjög æstur með víni. Vitnið telur, að Rafn hafi einnig verið undir áhrifum áfengis, þegar vitnið sá hann á ganginum.

Vitnið Birgir Karlsson, 17 ára að aldri, er bróðir ákærða. Vitnið var að flytjast í herbergi í verbúð Hróa h/f umrætt kvöld. Pétur Lúdvíksson kom í herbergið til vitnisins og dvaldist þar til kl. 2330. Á meðan Pétur stóð við, kom ákærði nokkrum sinnum og bað Pétur um að aka sér og Rafni Svavarssyni eitthvað upp í bæ, en Pétur vildi það ekki. Ákærði og Rafn voru að drekka saman og munu hafa byrjað að drekka um kl. 2200—2300. Um það leyti sem Pétur fór, voru þeir orðnir talsvert drukknir, og stóð Rafn á ganginum og hallaði sér upp að veggnum, þegar Pétur fór. Ákærði fór upp á þak til þess að komast inn um glugga á herbergi, sem hann var að flytjast í, og hélt vitnið, að Rafn hefði verið að bíða eftir því, að ákærði opnaði fyrir honum. Vitnið gekk til náða um kl. 2400, en sofnaði ekki alveg strax. Það heyrði engin óvanaleg hljóð. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að ákærði og Rafn Svavarsson hafi verið málkunnugir áður.

Ákærði hefur gert þá athugasemd við framburð vitna, að hann hafi ekki ætlað að nota hníf, sem hann bað Gunnar Eyjólfsson um, til þess að drepa með honum kindur, heldur til þess að skera bönd utan af heybagga til þess að ná í hey handa hestunum, sem hann var með. Einnig mótmælir hann sem röngum þeim ummælum Gunnars Eyjólfssonar, að hann hafi hótað að snúa son hans Sæþór úr hálsliðnum, ef hann fengi ekki hest Sæþórs, og segist aldrei hafa sagt þessi orð. Enn fremur mótmælir hann því,

sem fram kemur í gögnum málsins og haft er þar eftir vitnum, að hann hafi verið mjög áberandi undir áhrifum áfengis. Hann kveðst að vísu hafa drukkið 3—4 blöndur af íslensku brennivíni í Coca-Cola og fundið lítillega til áfengisáhrifa, en hann telur, að meira hafi borið á vínáhrifum en sú neysla gaf tilefni til vegna hræðslu og geðshræringar út af undangengnum atburðum.

Ákærði gekkst undir geðrannsókn hjá Lárusi Helgasyni, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum. Í skýrslu hans um geðrannsóknir segir svo m. a.:

„Að beiðni yðar gekkst Sigurgeir Einar Karlsson, f. 11. 11. 1956, Ennisbraut 29, Ólafsvík, undir geðrannsókn hjá undirrituðum, en hann hafði orðið manni að bana miðvikudaginn 14. 5. sl. í Ólafsvík.

Úrdráttur úr fylgiskjölum.

Úr sakadómsbók, miðvikudaginn 14. maí, segir kærði frá skiptum sínum við Rafn Svavarsson, þar sem þeir höfðu verið að drekka saman og ráðgera kaup á meira víni. Segir svo orðrétt í sakadómsbók: „Segist kærði hafa sýnt Rafni bankabók á Sparnsjóð Ólafsvíkur með innistæðu 125.000.00 kr. Segir hann Rafn hafa stungið henni á sig og haft orð á því, að kærði fengi hana ekki aftur. Kærði kveðst hafa reynt að ná bókinni aftur af Rafni og tekist það, en bókin hafi verið í innanájjakkavasa Rafns. Segir kærði þá, að Rafn hafi slegið sig í vinstri síðu og hrint sér að rúmi sínu við vegginn. Kveðst kærði þá hafa náð í hníf, sem hann geymdi undir dýnu í rúminu. Hnífur þessi hefur verið í hulstri, og kveðst kærði hafa tekið hnífinn úr hulstrinu og haldið á honum í hægri hendi. Rafn hafi þá verið álútur yfir kærða, og kveðst kærði hafa stungið hnífnum í Rafn einhvers staðar neðarlega. Hafi hnífurinn gengið eitthvað inn, en hversu langt, veit kærði ekki. Segir kærði, að Rafn hafi þá sagt: „Þú ert þá svona“, kippt kærða upp af gólfinu og haldið um hægri úlnlið kærða. Segist kærði hafa séð, að það blæddi úr Rafni, og sagt honum það, en Rafn hafi þá oltið niður á gólf við skáp, sem er við dyrnar, og kærði orðið undir honum, nánast hálfur inni í skápnunum“. Síðan segir: „Kveðst kærði hafa lýtt sér að skipta um buxur, en þær, sem hann hafi verið í, orðnar alblóðugar. Kveðst hann hafa gripið hnífinn og flúið af vettvangi og ætlað heim til sín, en hætt við það og farið upp fyrir bæ“. Einnig segir: „Kærði kveðst ekki hafa verið mikið drukkin og vitað, hvað hann gerði, en ofsahræðsla hafi gripið sig og hann hafi ekki þorað að fara til lög-

reglu eða læknis“. Enn segir: „Aðspurður segir kærði, að hann hefði verið hræddur um, að Rafn gæti beint hnífnum að sér, og þess vegna hafi hann sveiflað hendinni með hnífnum nokkrum sinnum, getað losað tak Rafns á úlnlið sínum og hafi hann þá sennilega veitt Rafni frekari áverka, sennilega á hálsi eða höfði á meðan þeir lágu á gólfinu við skápinn“.

Í sama endurriti úr sakadómsbók segir, þar sem fyrir dóminn kom Pétur Lúðvíksson sjómaður, Sigríðarstöðum, Skagafirði fæddur 25. jan. 1957: „að Sigurgeir Einar hafi verið töluvert undir áhrifum áfengis, ennfremur kveðst vitnið (Pétur Lúðvíksson) þekkja Sigurgeir Einar vel og vita, hvenær hann er drukkinn og hvenær ekki“. Ennfremur segir „vitnið (Pétur Lúðvíksson) Sigurgeir Einar sé yfirleitt mjög æstur með víni“.

Úr sama endurriti úr sakadómsbók er mættur Gunnar Eyjólfsson, verkamaður, Vallholti 7, Ólafsvík, fæddur 12. jan. 1927 „Vitnið (Gunnar Eyjólfsson) kveðst vilja bæta því við, að Sigurgeir Einar hafi sagt við sig, að hann hafi framið verknadinn í sjálfsvörn, þar sem maðurinn hafi ætlað að stela frá sér bankabók með um 150.000.00 í“. Ennfremur segir vitnið: „að sér hafi virst Sigurgeir Einar vera mikið undir áhrifum áfengis, en hann hafi verið utan við sig og erfitt að henda reiður á því, sem hann sagði“.

Í fylgiskjali nr 8, lagt fram í sakadómi, segir um alcóhólákvörðun í blóði Sigurgeirs Einars Karlssonar, að magn alcóhóls hafi verið 1.02‰.

Í krufningarskýrslu, dags. 15. 5. 1975 (Ólafur Bjarnason), er líki Rafns Svavarssonar, Bragagötu 38, Rvk., fæddur 31. 8. 1938, lýst þannig: „Líkið er af 173 cm háum karlmanni, sterklega byggðum í meðalholdum“. Ennfremur segir: „Á líkinu eru miklir áverkar, einkum á hálsi. Efst vinstra megin, framanvert á hálsi, alveg upp í kverkina, er 5.5 cm langur gapandi skurður, sem nær inn að miðlínu og liggur síðan þvert á miðlínu aftur á við. Frá miðlínu enda þessa skurðar liggur rispa upp undir kverkina yfir til hægri 13.5 cm á lengd og nær upp undir hægra eyra. Þessi langa rispa nær hvergi inn úr húðinni, en er greinilega framhald af hinum gapandi skurði, sem áður er lýst. 3 mm neðan við hinn gapandi skurð vinstra megin á hálsinum upphefst rispa, sem nær næstum eins langt út í hálsinn til vinstri og liggur síðan að heita má samhliða skurðinum yfir til hægri yfir miðlínu og krossar grunnrispuna, sem áður var lýst, nokkru hægra megin við miðlínu og liggur áfram ofan við hana og mælist 13 cm á lengd. Í

framhaldi af þessari rispu, sem hvergi nær inn úr húðinni, er 1 cm utar gapandi skurður, eða stunga, sem mælist 2.5 cm á lengd. Þessi síðastnefndi gapandi skurður er 1 cm neðan við hægra eyra. Enn er gapandi skurður framan á hálsinum hægra megin og upphafst 3 cm frá miðlinu. Skurður þessi liggur samhliða grunnu rispunum, sem áður var lýst, og einum cm neðan við þær, en mælist skurðurinn sjálfur 3.5 cm á lengd. Þessi síðastnefndi skurður gapir mest 1½ cm og er djúpur, og skín í vöðva í gegnum skurðinn. Á vinstra læri efst framanvert, og 6 cm utan við nárann, er 5 cm langur gapandi skurður, og skín í fitu og vöðva í botni skurðarins. Framan á hægri öxl utanvert er 2ja cm langur skurður eða stunga, sem nær í gegnum húðina“.

Sakavottorð Sigurgeirs Einars Karlssonar getur þess, að 11. 10. 1973 hafi hann fengið í sátt 4.000.00 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. málsgrein 25. greinar og 1. málsgrein 24. gr. áfengislaga.

Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 3 mánuði frá 11. 10. 1973.

Ennfremur 1974 uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga, ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 25. 2. 1974.

Jafnframt liggur fyrir sakavottorð fyrir Rafn Svavarsson, og er það upp á 2 blaðsíður með um 29 kæruliði, þar á meðal fyrir árás, m. a. 4ra ára fangelsi fyrir brot á 194. gr. hegningarlaga.

Geðrannsókn.

Alls var rætt við Sigurgeir Einar 3svar sinnum í fangelsinu í Síðumúla, auk þess sem rætt var við móður hans. Viðtölin áttu sér stað seinni part júní mánaðar.

Sigurgeir Einar var ætíð samvinnuþýður og virtist fús að tjá upplýsingar, og fann ég ekki neitt, sem benti til ósannsögli, þó af eðlilegum ástæðum hafi verið dregin meir athygli að sumum atriðum en öðrum.

Sigurgeir Einar er fæddur á Ísafirði, nr. 3 af 5 systkinum, elst upp hjá foreldrum þar á staðnum, uns faðir hans deyr, en þá var Sigurgeir Einar 14 ára. Faðir Sigurgeirs Einars var verkamaður á Ísafirði, en móðirin ólst upp í fóstri í Ísafjarðardjúpi.

Um samskipti við foreldra sína segir Sigurgeir Einar, að hann álíti sig hafa líka skapgerð og móðir hans, en skapgerðinni er lýst þannig, að rokið sé upp, brosað á eftir og að nokkuð beri á nöldursemi. Faðirinn var hins vegar rólegur, og hafði hann þá frekar kosið að ræða við hann, reyndar voru samskipti þeirra mun nánari. Sjálfur lýsir Sigurgeir Einar uppeldinu sem góðu og foreldrum sínum sem góðum foreldrum.

Snemma bar á viðkvæmni hans gagnvart því, að hann hefur líkamslýti, þannig að skekkja er á hálsi, og var hann því kallaður skakkhaus allt frá bernsku, og varð hann viðkvæmur út af því. Brá við með reiði og skapillsku, ef hann var áreittur, að sögn.

Hann gerðist því fremur einrænn og vinafár, en reyndi að bæta úr því með því að halda sér frekar í félagsskap með yngri drengjum en jafnöldrum sínum.

Hann fór í barnaskóla og náði þar sæmilegum einkunnum, en gerðist áhugalaus í gagnfræðadeild og hætti í skóla, reyndar féll hann úr bekk. Var hann þá 14 ára, en það ár dó faðir hans, og fluttist hann ásamt systkinum og móður til Kópavogs og síðan til Ólafsvíkur, og nú mun e. t. v. standa til, að þau flytji til Keflavíkur.

Eftir lát föður lýsir Sigurgeir því, að hann hafi fundið til ábyrgðarkenndar gagnvart heimilinu og virðist því sem hann um skeið hafi reynt að komast í föðurhlutverkið, en fann fljótlega, að hann náði ekki þeirri stöðu, og varð af því viðkvæmur. Fannst honum, að hann hefði orðið að víkja fyrir systur sinni.

Einhverrar viðkvæmni hefur gætt gagnvart systkinum hans og móður, og virðist svo sem hann í einangrun sinni hafi e. t. v. gert nokkuð meiri kröfur til tengsla við þau en almennt gerist og orðið fyrir vonbrigðum, einkum þegar móðir hans kynntist öðrum manni og hóf búskap með honum og var einmitt að flytja búferlum til Keflavíkur, um það leyti sem Sigurgeir Einar lenti í vandræðum þeim, sem leiddi hann til þessarar geðrannsóknar.

Kynni hans af stúlkum hafa verið lítil, og grunar mig, að hann hafi talið, að þær mundu hafa fundið lítið til hans koma.

Snemma fór að bera á kvíða hjá Sigurgeiri Einari. 14 ára var hann að horfa á sjónvarp, þegar hann fann til mikillar köfnunarkenndar og rauk út úr húsi því, sem hann var staddur í, og heim og var lagður inn á sjúkrahúsið á Ísafirði. Svo virðist sem þar hafi verið um einkenni oföndunar að ræða, þannig að ósjálf-ráða viðbragð öndunar hafi truflast og því komið fram truflanir á loftefnamyndun í blóði, og skapar slíkt ástand mjög óþægilega vanlíðan (hyperventilation). Orsakir þessara einkenna eru oftast nær kvíði og spennu. Þessi oföndunarköst munu hafa komið fyrir aftur, en í vægari mæli, þó lýsir hann einu slíku kasti hér í Reykjavík, þar sem hann fór í skyndingu á Slysavarðstofuna og fékk þar róandi lyf.

Sigurgeir hefur hneigst til vinneslu, einkum seinni árin, en

ekki er ljóst, hvernig hann er með víni, þar sem hann gerir ekki mikið úr uppvöðslusemi sinni. Hins vegar kemur fram í vitnisburðum, þar sem hann er talinn „mjög æstur með víni“.

Viðtal við móður (26. 6.) Sigurgeirs Einars, Sigríði Ásgerði Sæmundsdóttur, fædda 2. 11. 1932.

Auk áðurnefndrar lýsingar á viðkvæmni og vanmáttarkennd Sigurgeirs Einars gagnvart höfuðskekkju hans telur hún, að faðir hans hafi lítið verið heima og mikið mætt á uppeldið af hennar hálfu. Faðirinn spilaði meðal annars í hljómsveit. Strax frá 13 ára aldri telur hún, að það hafi farið að bera á einkennum hjá Sigurgeiri Einari, sem voru óljós, og virðist mér sem þar hafi verið farið að bera á kvíðakenndum, sem aðallega komu þá fram sem einkenni frá líkama, einkum hjarta og stundum með melt-ingartruflunum. Hún telur hann fljótlega hafa orðið einrænan og innhverfan. Hún tjáir og, að samskipti hans og vinar hennar séu ekki góð og stundum sé líka samband Sigurgeirs Einar og bróður hans slæmt, sérstaklega sl. vetur. Almennt telur hún Sigurgeir vera kjarklitinn.

Sigurgeir Einar lá á Barnaspítala Hringsins á Landspítalanum frá 27. 7. 1970 til 31. 7. sama ár vegna „Syndroma klippelfeil“. Þar segir orðrétt í sjúkrasögu: „Sjúklingur er lagður inn vegna „Morbus cordis obs.“ (ath. á hjarta), „Psychosis obs.“ (ath. á möguleikum um geðveiki) og „Malformatio columna cervicis“ (skekku á hálsi). Þar segir: „Hann er skapmikill og renna stundum á hann æðisköst, ef hann er áreittur eða uppnefndur, og kveðst hann oft hafa barið félaga sína. Hann segist enga góða vini eiga núna“.

Þess er getið í journalnum, að hann hafi áður um næstum árabíll fyrir innlagningu notað róandi lyf (Melleril 10 mg. $\times$ 3 og Valium 7½ mg. á dag, en bæði lyfin eru mjög mild). Mun þetta hafa gerzt eftir að hann fékk „shokkið“ fyrir tæpu ári (Þar er átt við áðurlýst oföndunarkast). Í sambandi við viðtal við móður í sama sjúkraháli stendur: „Skapferli drengsins mun alltaf hafa verið nokkuð óhemjulegt, hann er skapstór og frekur.“ Ennfremur stendur þar: „Hann fór aldrei einn út fyrir 6 ára aldur og alltaf klingdi fyrir eyrum honum skakkhaus, og telur móðirin, að það hafi e. t. v. verið ein af fyrstu minningum hans“. Þar segir ennfremur: „Ekki mun hafa borið á einkennum um geðveiki eða áberandi taugaveiklun hjá þessum dreng, hann hefur sætt ofsóknum vegna líkamslýta og þessvegna e. t. v. borið meira á stóru skaplyndi hans og heiftrækni en ella og einkum núna síð-

ustu árin, þar sem drengurinn er á erfiðum aldri og hefur orðið að þola föðumissi“.

Sigurgeir Einar lá á handlækningadeild Borgarspítalans frá 14. 5.—2. 6. 1975 vegna contusiones variae (sem þýðir ýmis konar áverkar).

Þar segir í sjúkraál: „Sjúklingur lenti í ryskingum við annan mann og fékk högg á vinstri síðu og missti andann“. Einnig segir, að sjúklingur hafi mikinn verk í vinstri síðu og upp í brjósthol. Jafnframt segir: „18 ára þreklega vaxinn, miður sín andlega, vill lítið tala, liggur með lokuð augun, aumur og vill helst snúa sér til veggjar með sæng yfir höfði“. Daginn eftir stendur í sjúkraál: „Nokkuð hressari, mikið miður sín, gat ekki sofið“. Á stofnuninni fékk hann svefnlyf, róandi lyf, nærðist illa í fyrstu og þurfti vökværingu, lagaðist.

Samandregið.

Svo virðist sem Sigurgeir Einar hafi snemma fundið vanmátt og leiða vegna líkamslýtis, en varið sig með reiðiköstum, orðið einrænn, innhverfur, vinafár og sár út í tilveruna, einkum eftir lát föður, er hann var 14 ára, og um líkt leyti fellur hann úr skóla og hverfur frá bernskustöðvum. Hann finnur vanmátt sinn og reynir að mæta honum með því að ná stöðu gagnvart fjölskyldu sinni, sem hann síðan ekki ber. Á tengsl hans við fjölskylduna mæðir nokkuð, og er Sigurgeir Einar í þeim skiptum stundum sár. Hann hefur því fremur dregist í félagsskap þeirra, sem miður mega sín, og gripið til víns, einkum þegar hann hefur ætlað sér á skemmtistaði, til þess að yfirvinna vanmátt sinn.

Sálfræðileg rannsókn.

Gylfi Ásmundsson, sálfræðingur, tók eftirfarandi sálfræðipróf: Wechsler, greindarpróf fyrir fullorðna.

Raven 1938, ályktunarpróf.

MMPI, persónuleikapróf.

Rorschach, persónuleikapróf.

Bender Gestalt, skynhreyfipróf.

Um niðurstöður einstakra prófa segir Gylfi:

Wechsler: „Starfhæf greind Sigurgeirs Einars er í löku meðallagi, en líkur eru fyrir því, að eðlisgreind sé hærri“.

Raven 1938: „Í löku meðallagi“.

Bender Gestalt: „Engar truflanir á skynjun eða finni hreyfingum koma fram í teikningum“.

MMPI: „Prófið er ekki marktækt“. Ennfremur segir: „Ástæðan kann að vera óskýrleiki eða confusion í hugsun Sigurgeirs Einars“

Rorschach: „Sigurgeir virðist innhverfur og gefinn fyrir að fantasera“. Jafnframt segir: „Hann sér mikið af mannverum í myndunum, og oftast eru þær í einhverjum ógnandi kringumstæðum“. Enn segir: „Prófið í heild bendir til þess, að Sigurgeir Einar sé haldinn kvíðaneurosu, varnir hans kynnu einkum að vera projection á aðra“.

Heilalínurit.

Heilalínurit var tekið 26. 6. 1975.

Niðurstaða: „Ekkert með vissu abnormalt“.

Geðskoðun.

Sigurgeir Einar er 18 ára gamall, ókvæntur verkamaður, og ber áberandi á hálsskekkju hans, reyndar dregur hann strax athygli að henni í viðtalinu. Hann situr nokkuð álútur, fremur þunglyndislegur og jafnvel mæddur, en samvinnugóður. Stundum gætir tortryggni, en ekki meira en innan eðlilegra marka. Greind virðist tæplega í meðallagi.

Hann er haldinn miklum kvíða og einkum ótta við ógnun, og hefur hann nokkrum sinnum misst vald á kvíða sínum bæði, eins og áður er lýst, með óviðráðanlegum líkamsviðbrögðum (ofönd-unarköstunum), en einnig í reiðiköstum, og undir slíkum kringumsæðum kann hann að geta misst vald á tilfinningum sínum og dómgreind.

Persónuleiki Sigurgeirs Einars er innhverfur, nánast schizoid, og kemur fyrir að hann fantaserar. Virðast þá koma fyrir óþægilegar hugmyndir, sem oft fela í sér ytri ógnun, og eykur það á kvíða hans. Reynir hann stundum að losa sig undan hugmyndum þessum með því að horfast ekki í augu við þær. Myndun hans eða samsömun við karlmann er ekki þroskuð, og verður hann því öryggislaus, ef á karlmennskukennd hans mæðir. Hann er vanmáttugur og hneigist til að vernda sig með reiði eða ofsa, sem hann gæti misst stjórn á, eins og áður var bent á, undir ógnandi og kvíðakenndum kringumstæðum.

Það er því ekki óeðlilegt, að Sigurgeir Einar hafi verið gripinn af ofsahræðslu í viðureign sinni við Rafn. Svo virðist sem hann fyrst hafi ætlað að miklast í augum Rafns með því, undir áhrifum áfengis, að sýna innistæðueign sína í bankabók. Síðan reiðst viðbrögðum Rafns, en að lokum orðið hræddur og þá misst stjórn á

gjörðum sínum. Verknaðurinn verður því að teljast framinn undir snöggum kvíða og ótta við sjálfsmeiðingu auk reiði.

Sigurgeir Einar líður ekki af geðveiki, andlegum vanþroska eða öðru ástandi þannig, að hann undir venjulegum kringumstæðum geti verið talinn ófær um að stjórna gjörðum sínum.

Niðurstaða.

Sigurgeir Einar er haldinn kvíðaveiklun, en ekki geðveiki, kvíðakennd hans er frá yngri árum, og er mjög líklegt, að verknaðurinn hafi verið framinn undir snöggum áhrifum kvíða vegna ógnunar þeirrar, sem hann taldi sér stafa af í átökunum við Rafn. Með tilliti til þess mats er hann því talinn sakhæfur“.

Leitað var umsagnar Læknaráðs um niðurstöðu geðrannsóknar á ákærða. Í umsögn Læknaráðs segir m. a.:

„Málið er lagt fyrir læknaráð á þá leið, að beiðzt er umsagnar um niðurstöðu geðrannsóknar á ákærða og spurt um eftirfarandi atriði:

1. Telur læknaráð, að ákærði hafi verið gripinn ofsahræðslu í viðureign sinni við Rafn Svavarsson og að verknaðurinn hafi verið framinn undir snöggum kvíða og ótta við sjálfsmeiðingu auk reiði?
2. Er læknaráð sammála þeirri niðurstöðu geðrannsóknarinnar, að ákærði líði ekki af geðveiki, andlegum vanþroska eða öðru ástandi, þannig að hann undir venjulegum kringumstæðum geti verið talinn ófær um að stjórna gjörðum sínum, að kvíðakennd hans stafi frá yngri árum og mjög líklegt sé, að verknaðurinn hafi verið framinn undir snöggum áhrifum kvíða vegna ógnar þeirrar, sem hann taldi sér stafa af átökum við Rafn?

Ennfremur er þess óskað, að læknaráð veiti umsögn um önnur þau atriði, er fram koma í læknisfræðilegum gögnum málsins og það telur efni til, að sérstaklega komi fram.

Tillaga réttarmáladeildar um Ályktun læknaráðs.

Ad 1: Já. Ákærði var einnig undir áhrifum áfengis, og kann það að hafa stuðlað að hömlulausari viðbrögðum.

Ad 2: Já, samanber og svar 1“.

Tillaga þessi og greinargerð var síðan staðfest sem álitsgerð og úrskurður Læknaráðs.

Samkvæmt niðurstöðu Rannsóknastofu í lyfjafræði við HÍ sýndi alkóhólákvörðun í blóði ákærða magn alkóhóls í blóði 1.02%.

Niðurstaða.

Eins og gögn málsins bera með sér og rakið hefur verið hér að framan, er það sannað, að Rafn Svavarsson lést af áverkum þeim, sem hann hlaut í viðureigninni við ákærða. Ákærði er einn til frásagnar um það, hvernig viðureign þeirra fór fram. Af ummerkjum í herbergi ákærða verður ekki séð, að mikil átök hafi átt sér stað milli þeirra. Eitt sárið á hálsi Rafns virðist bera með sér, að ekki hafi blætt úr því, og gæti það bent til þess, að honum hafi ekki verið veitt það fyrr en eftir að hjartað hætti að slá. Ákærði vill sjálfur halda því fram, að hann hafi ekki verið mikið undir áhrifum áfengis, en þó virðist hann ekki hafa hugsun á því að tilkynna um atburðinn, heldur virðist fyrsta hugsun hans vera sú að komast undan og flýja og leyna atburðinum. Hann skiptir um föt að einhverju leyti, fer síðan út úr herberginu og læsir því á eftir sér. Hann fer síðan út fyrir kaптúnið og nær þar í hesta og virðist ætla að forða sér burt riðandi. Hann hættir þó við það áform og kemur aftur inn í kaптúnið síðar um nóttina. Á hinn bóginn skýrir hann fyrstu mönnum, sem hann hittir að máli eftir atburðinn, frá því, að hann hafi orðið mannsbani.

Ákærði hefur haldið fram, að umrætt verk hafi hann unnið af neyðarvörn, og er því haldið fram af hans hálfu, að verkið verði að teljast refsilaust.

Eins og málsatvikum er háttað, er ekki sýnilegt, að ákærði hafi fyrirfram verið ákveðinn í því að veita Rafni Svavarssyni bana. Deiluefni þeirra var sparisjóðsbók, sem ákærði segir, að Rafn hafi ætlað að ræna af sér. Ákærði greip þá til þess ráðs að beina hnífi að Rafni sér til varnar, en Rafn var vopnlaus. Ákærða mátti vera ljóst, að skeiðahnífur eins og sá, sem hann beitti í viðureigninni, er mjög hættulegt vopn. Það verður því að álíta, að ákærði hafi hér beitt vörnum, sem voru augsýnilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til og hann því farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar í verknaði sínum.

Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á geðheilbrigði ákærða og ályktun Læknaráðs er ákærði sakhæfur.

Ákærði hefur með framangreindum verknaði sínum gerst brotlegur við ákvæði 211. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, og ber að refsa honum samkvæmt því, en með heimild í 1. og 4. tl. 74. gr. þeirra laga þykir mega færa refsingu niður úr lágmarki, og

þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Ákærði hefur verið í gæsluvarðhaldi vegna máls þessa frá 14. maí 1975, og ber að draga gæsluvarðhaldstíma hans frá dæmdri refsingu með fullri dagatölu. Þá ber og að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda og réttargæslumanns ákærða, Ragnars Tómassonar héraðsdómslögmanns, kr. 150.000.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurgeir Einar Karlsson, sæti fangelsi í 4 ár.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem hófst með úrskurði, uppkveðnum 14. maí 1975 komi til frádráttar dæmdri refsivist með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000, og málsvarnarlaun réttargæslumanns síns og skipaðs verjanda, Ragnars Tómassonar héraðsdómslögmanns, kr. 150.000.

Fimmtudaginn 17. mars 1977.

Nr. 104/1975. Loftleiðir h/f

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Útvegsbanka Íslands og gagnsök

(Axel Kristjánsson hrl.).

Omerking. Frávísun frá héraðsdómi. Aðiljasamlag.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með